

**3513. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtudaginn 27. október 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2209003 - Grundaskóli - húsnæðismál 2022**

Í bæjarráði þann 8. september var samþykkt heimila kaup á lausum kennslustofum sem settar yrðu upp við Grundaskóla vegna framkvæmda við C-álmú. Verðtilboð liggja fyrir frá fjórum aðilum. Vilji er fyrir því að taka þrjár einingar, samtals 6 kennslustofur og hætta leigu á kennslustofum hjá FVA.

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Líf Lárusdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við lægstbjóðanda og viðbótarfjármagn um 10 m.kr. til kaupa á alls 6 lausum kennslustofum.*

*Bæjarráð samþykkir tilboð lægstbjóðanda og felur bæjarstjóra frágang málsins, að ganga frá samningum og skjalagerð sem og úrvinnslu gagnvart öðrum bjóðendum. Bæjarráð samþykkir að útgjöldunum skuli mætt með tilfærslu innan fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins.*

*Samþykkt 2:0*

*Ásbjörn Egilsson vísar af fundi.*

*Líf Lárusdóttir tekur sæti á fundinum á ný.*

**2. 2103321 - Húsnæðisúrræði- íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk - lóð**

Tillaga að lóð fyrir fyrirhugaða uppbyggingu á búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi á skipulags- og umhverfissviði mætti á fund Velferðar- og mannréttindaráðs undir þessum lið til að kynna tillögu að lóð fyrir búsetukjarna fatlaðs fólks á Akranesi að Tjarnarskógum 15. Aðrar tillögur að lóðum undir búsetukjarna voru einnig ræddar og skoðaðar.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að lóðinni að Tjarnarskógum 15 verði ekki úthlutað fyrr en ákvörðun um endanlega staðsetningu fyrir búsetukjarna í Skógarhverfi 5 liggur fyrir.

*Bæjarráð samþykkir að byggingarlóðin Tjarnarskógar 15 fari ekki til almennrar úthlutunar fyrr en ákvörðun um endanlega staðsetningu fyrir búsetukjarna í Skógarhverfi 5 liggur fyrir.*

*Samþykkt 3:0*

*HL STELL*

**3. 2210089 - Fjöliðjan - Þarfagreining Búkollu og dósamóttöku**

Stjórnendur Fjöliðjunnar Guðmundur Páll Jónsson og Árni Jón Harðarson mættu á fund velferðar- og mannréttindaráðs undir þessum lið og gerðu grein fyrir rýmisþörf Búkollu nytjamarcaðar og móttöku fyrir einnota umbúðir fram að þeim tíma sem varanleg húsnæðislausn fyrir þessa þjónustu liggur fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á að lausn finnist á húsnæðismálum Búkollu og móttöku einnota umbúða sem fyrst. Rýmisþörf sem þarf að tryggja er 350 ferm. fyrir Búkollu og 140 ferm. fyrir móttöku einnota umbúða.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarráðs.

*Lagt fram.*

*Til skoðunar hefur verið hentugt rými fyrir starfsemina og þá m.a. verið haft til hliðsjónar sú rýmisþörf sem gerð hefur verið grein fyrir af stjórnendum Fjöliðjunnar. Reynt er eftir fremsta magni að niðurstaða fáiast sem fyrst enda gera allir hlutaðeigandi sér grein fyrir að núverandi staða er óviðunandi.*

**4. 2210165 - Ljósleiðarinn - hlutafjárukning**

Á hluthafafundi Ljósleiðarans þann 24. október 2022 var samþykkt tillaga að hlutafjárukningu með fyrirvara um samþykki eigenda OR. Með hjálögðu erindi er þess farið á leit við eigendur OR að þeir staðfesti samþykkt hluthafafundarins.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Afgreiðslu málsins frestað.*

*Samþykkt 3:0*

**5. 2203084 - Að vestan - þáttur á N4**

Erindi frá N4 varðandi hækkun þátttökugjalds sveitarfélaga vegna dagskrárgerðar o.fl.

*Bæjarráð samþykkir áframhaldandi samstarf Akraneskaupstaðar við N4 og felur bæjarstjóra úrvinnslu málsins.*

*Samþykkt 3:0*

*LL SP*

**6. 2206078 - Reykjavíkurborg - almenn eigendastefna gagnvart B-hlutafélögum**

Erindi frá borgarstjórn Reykjavíkurborgar varðandi „Almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar.“

Lagt fram.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Afgreiðslu málsins frestað.*

*Samþykkt 3:0*

**7. 2111193 - Leikskólar í desember - afsláttur**

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að bjóða foreldrum uppá gjaldfrjálsa daga í leikskólum bæjarins 23., 27. til og með 30. desember næstkomandi þar sem foreldrum verði gefinn kostur á að velja alla dagana eða staka daga á uppgefnu tímabili.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

*Bæjarráð samþykkir erindið og felur sviðsstjórum fjármála- og þjónustusviðs og skóla- og frístundasviðs og deildarstjóra fjármála- og launa frekari útfærslu málsins í samvinnu við leikskólastjóra Akraneskaupstaðar.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð tekur heilshugar undir bókun skóla- og frístundaráðs sem var eftirfarandi:*

*Meginmarkmið með þessu fyrirkomulagi er að veita foreldrum og börnum tækifæri til samveru og ekki síður að gefa börnunum tækifæri til frídaga. Langir leikskóladagar geta verið litlum börnum krefjandi og því mikilvægt að grípa tækifæri þegar þau gefast til að börnin fái hvíld og frí. Þessir dagar skapa einnig svigrúm í leikskólanum til að bjóða starfsmönnum að nýta eftirstöðvar orlofsdaga og/eða taka út styttingu vinnuvikunnar.*

**8. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024 - 2026

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður á aukafundi bæjarráðs sem verður næstkomandi mánudag þann 1. nóvember kl. 20:00.

*Samþykkt 3:0*

**9. 2209272 - Langtímafjármögnun Akraneskaupstaðar**

Tilboð Arion- banka, Landsbankans og Íslandsbanka um langtímafjármögnun Akraneskaupstaðar var lögð fram á fundi bæjarráðs þann 20. október síðastliðinn og bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

*Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Íslandsbanka sem var með hagstæðasta tilboðið.*

*Bæjarstjóra falin úrvinnsla málsins, að ganga frá samkomulagi við Íslandsbanka um fjármögnunina og að tilkynna öðrum bjóðendum um niðurstöðu.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð þakkar öllum hlutaðeigandi fyrir framlögð tilboð.*

Ákveðið að næstu reglulegi fundur bæjarráðs verði mánudaginn 1. nóvember næstkomandi kl. 20:00.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:25.**

*Lif Lárusdóttir*

*Valgauts S. Jónsson*

*Ragnar Samundsson*

*Steinir Þorsteinsson*

*Steinn Ásbjörnsson*